

Sæl

57. fundur í Velferðarnefnd Stranda og Reykhólahrepps var haldinn mánudaginn 3. nóvember 2025. Fundurinn haldinn bæði sem staðfundur á skrifstofu Strandabyggðar að Hafnarbraut 25 og sem fjarfundur.

Eftirfarandi fulltrúar sátu fundinn

Matthías S. Lýðsson (Strandabyggð), Ingibjörg B. Sigurðardóttir (Strandabyggð), Hrefna Jónsdóttir (Reykhólahreppi), Oddný Þórðardóttir (Árneshreppi), Jenný Jensdóttir (Kaldrananeshrepp)boðaði forföll og ekki náðist að fá inn varafulltrúa.

Einnig situr fundinn Hlíf Hrólfsdóttir félagsmálastjóri sem jafnframt ritar fundargerð.

Dagskrá

1. Afgreiðsla félagsmálastjóra frá síðasta fundi.
2. Trúnaðarmál.
3. Erindisbréf velferðarnefndar. (frá síðasta fundi)
4. Sameiginlegar reglur um þjónustu við börn og fjölskyldur þeirra.
5. Reglur um NPA þjónustu
6. Fjárhagsáætlun félagsþjónustu. Sveitarfélög
7. Fjárhagsáætlun félagsþjónustu. Velferðarþjónusta Vestfjarða
8. Erindi frá GEV. Umsögn um gæðaviðmið í velferðarþjónustu.
9. Tilnefning áheyrnarfulltrúa í Velferðarnefnd ísafjarðarbæjar. (aðal og vara)
10. Tilnefning fulltrúa í notendaráð fatlaðra.
11. Önnur mál.

Þá er gengið til dagskrár:

1. Færslur félagsmálastjóra frá síðasta fundi
Færslur samþykktar
2. Trúnaðarmál.
Samþykkt.
3. Erindisbréf velferðarnefndar.
Félagsmálastjóra er falið að gera lagfæringar á erindisbréfi í samræmi við umræður á fundi í samráði við nefndina. Þegar velferðarnefnd hefur samþykkt endanlega útgáfu erindisbréfs mun það verða sent til samþykktar í hlutaðeigandi sveitarstjórnunum.
4. Sameiginlegar reglur um þjónustu við börn og fjölskyldur þeirra.

Lagðar fram reglur um þjónustu við börn og fjölskyldur þeirra. Þessar reglur eru unnar í samvinnu við sviðstjóra á Ísafirði og í Vesturbyggð. Reglur yrðu þá eins fyrir þessi svæði.

Nefndin leggur til við sveitarstjórnir félagsþjónustusvæðisins að samþykkja reglurnar.

5. Reglur um NPA þjónustu.

Lagðar fram reglur um NPA þjónustu sem unnar eru í samvinnu við önnur svæði innan velferðarþjónustu Vestfjarða.

Nefndin leggur til við sveitarstjórnir félagsþjónustusvæðisins að samþykkja reglurnar.

6. Fjárhagsáætlun félagsþjónustu. Sveitarfélaga hluti.

Lögð er fram fjárhagsáætlun félagsþjónustunnar fyrir hluta sveitarfélaganna. Lagt fram til kynningar

7. Fjárhagsáætlun félagsþjónustu. Velferðarþjónusta Vestfjarða.

Lögð fram fjárhagsáætlun Velferðarþjónustu vestfjarða ásamt mótframlögum. Lagt fram til kynningar

8. Erindi frá GEV. Umsögn um gæðaviðmið í velferðarþjónustu.

Hrefna talar um að það sé skrítið að tala um mælanleg viðmið en í sjálfu sér sé ekki hægt að setja mælanleg viðmið. Lagt er til að félagsmálastjóri geri umsögn og sendi síðan á nefndarmenn til yfirlstrar.

9. Tilnefning áheyrnarfulltrúa í Velferðarnefnd Ísafjarðarbæjar. (aðal- og varamann)

Lagt er til að Hrefna Jónsdóttir verði áheyrnarfulltrúi í Velferðarnefnd Ísafjarðarbæjar og Matthías Lýðsson verði til vara. Samþykkt af velferðarnefnd og lagt til við sveitarstjórnir að þær samþykki þessar tilnefningar.

10. Tilnefning fulltrúa í notendarráð fatlaðra.

Lagt er til að sveitarstjóri Strandabyggðar verðir fulltrúi fyrir félagsþjónustu Stranda og Reykhóla í notendaráði fatlaðra. Lagt er til að sveitarstjórnir samþykki þá tilnefningu.

11. Önnur mál.

a)Hvert er hlutverk félagsþjónustunnar gagnvart þeim sem búa út á enda félagsþjónustusvæðisins. Ef fólk sækir ekki um þjónustu hvernig er þá hægt að koma því til þeirra að þau geti fengið þá aðstoð sem þau þurfa á að halda. Þetta þarf að skoða vel og hvernig hægt er koma þessum upplýsingum til fólks.. Jafnframt þarf að athuga vel með akstursþjónustu fyrir fólk sem á því þarf að halda. Félagsmálastjóri skoðar hvernig best verður að þessu staðið.

b)Samningur um félagsþjónustu Stranda og Reykhóla. Það hefur komið i ljós að að annað hvort þyrfti að vera um ráðandi sveitarfélaga að ræða eða að stofna byggðasamlag. Þetta mál er í skoðun hjá stjórn félagsþjónustunnar.

Fundi slitið kl. 17.28

Fundargerð lesin upp og samþykkt.

Matthías Lýðsson. S:8458393

Hrefna Jónsdóttir s:8455751

Oddný Þórðardóttir s:6613477

Ingibjörg B.Sigurðardóttir s: 8474415